

Rýmingaráætlun fyrir leikskólann Hnoðraból Kleppjárnsreykjum

Leikskólastjóri: **Sjöfn G. Vilhjálmisdóttir**
Sími: 862-0064

Fyrstu viðbrögð við eldsvoða!

Ef brunaviðvörðunarkerfið gefur viðvörðun skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun:

Leikskólastjóri eða staðgengill stjórnar aðgerðum.

Staðgenglar eru: **Dagný V. eða Elsa**

- Fara að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis og aðgæta boð.
- **Hringja í 112 og tilkynna um eld eða gefa skýringar á brunaboðinu.**
- **Slökkvilið kemur á staðinn:** Leikskólastjóri eða staðgengill hans gefur stjórnanda slökkviliðs upplýsingar um hvort einhverjir og þá hversu margir séu eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
- **Sálrænn stuðningur:** Leikskólastjóri metur hvort leita þarf eftir aðstoð utanaðkomandi til að veita börnum, starfsfólki og/eða foreldrum sálrænan stuðning eða áfallahjálp.
- Slökkvilið getur þá haft milligöngu um slíka aðstoð.
- Hafa samband við sveitarstjóra: Sími

Leikskólakennarar og annað starfsfólk:

BJARGA:

- Sjá um rýmingu húsnæðis, **hver sér um sinn hóp/sitt svæði.**
- Fara í skó og yfirhafnir ef aðstæður leyfa.

- Taka með síma frá gulu og rauðu deild.
- Fara með börnin á söfnunarsvæði við **ANDIRI ÍPRÓTTAHÚSS OG INN Á GANG.**
- Fara yfir mætingarlista þar og láta vita ef einhvern vantar þá til leikskólastjóra.
- Koma börnum í öruggt skjól - INN Á GANG Í ÍPRÓTTAHÚSINU.
- **SLÖKKVA** má eldinn ef börn eru komin út og eldur er takmarkaður og afmarkaður.
- Muna að tryggja að foreldrar/forráðamenn barna fái upplýsingar um atvik eins fljótt og hægt er.

ATHUGA

Þar sem grunur er um eld skal þreifa á hurð áður en hún er opnuð. Það á aldrei að opna hurð sem er heit. Sé hurð ekki heit er óhætt að opna. Ef svartur reykur er inni á að loka strax. Það á aldrei að fara inn í herbergi fullt af reyk.

Sá sem síðastur fer út úr hverri stofu skal loka öllum dyrum á eftir sér til að draga úr reykflæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds og reyks eins og hægt er.

Börn geta orðið mjög hrædd við vissar aðstæður og jafnvel falið sig undir húsgögnum eða inn í skáp. Munið að halda ró ykkar og góð aðferð í rýmingu er að láta börnin leiðast.

Unnið í des 2008 Sjöfn G. Vilhjálmisdóttir
Endurskoðað sept. 2011 Sjöfn G. Vilhjálmisdóttir
Endurskoðað nóv. 2012 Sjöfn G. Vilhjálmisdóttir

Endurskoðað feb. 2015 Sjöfn G. Vilhjálmisdóttir
Endurskoðað okt 2018 Sjöfn G. Vilhjálmisdóttir
Endurskoðað nóv 2019 Sjöfn G. Vilhjálmisdóttir
Endurskoðað jan 2021 Sjöfn G. Vilhjálmisdóttir